

**Nd.**

**235. Breytingartillaga**

[143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

1. gr. orðist svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð.

Ráðherra getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar. Í þingsályktunartillögunni skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:

1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.
2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð tillaga um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum eða eftir hvaða meginreglum.

Þegar samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga um fiskveiðistefnu skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd einstakra atriða hennar.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.